



Langanesbyggð

Langanesvegi 2

680 Þórshöfn

Vopnafirði 10. nóvember 2025.

Efni: Aðkoma að endurnýjun björgunarskips

Með vísan til samtals okkar, undirritaðs við oddvita og sveitarstjóra Langanesbyggðar, s.l., fimmtudag 6/11., ásamt kynningu Landsbjargar „Áætlun um endurnýjun björgunarskipa“ þá er hér með vinsamlegasst óskað eftir aðkomu Langanesbyggðar að fyrirbyggjandi endurnýjun björgunarskips á Vopnafirði sem alla jafna þjónar öryggi sjófarenda fyrir opnu hafi svæðisins.

Sveitarfélagið Múlaþing hefur þegar samþykkt að veita fjárframlag til bæði skips á Vopnafirði og í Neskaupstað en einnig hefur undirritaður fengið nokkrar fyrirmyndir frá öðrum svæðum sem þegar hafa fengið endurnýjuð skip, svo sem á Snæfellsnesi, í Fjallabyggð og einnig víðar.


Óskað er eftir því að Langanesbyggð leggji til þessa mikilvæga verkefni kr. 10 millj., króna, sem mætti mögulega skiptast á 2 ár, þ.e. 5 milljónir á árinu 2026 og 5 milljónir á árinu 2027. Samkvæmt áætlunum Landsbjargar þá er gert ráð fyrir að skip til Vopnafjarðar verði afhent um mitt ár 2026, og samkvæmt fyrirbyggjandi skiptingu þá er hlutur Björgunarbátasjóðs Vopnafjarðar á bilinu 85 – 90 milljónir, sem mætti mögulega deila niður á allt að fjögur ár.

Allar frekari upplýsingar er málið varðar mun undirritaður fúslega veita, en meðfylgjandi er annars vegar „Minnisblað – Björgunarbátasjóður Vopnafjarðar“ og hins vegar kynning frá Landsbjörgu „ÁÆTLUN UM ENDURNÝJUN BJÖRGUNARSKIPS“ vegna Hafbjörg í Neskaupstað.

Fram hefur komið í samskiptum við framkvæmdastjóra Landsbjargar, að ekki mun koma til endurnýjunar á Raufarhöfn (sem nú er nr 12 af 13) en það skip gæti farið til Húsavíkur og minna skip, eða eldra myndi verða staðsett á Raufarhöfn, en það mun koma betur í ljós síðar.

Vonast er eftir jákvæðum viðbrögðum Langanesbyggðar við erindi þessu enda um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir alla sjófarendur fyrir austur og norð-austurlandi, og mikilvægt að Björgunarbátasjóður séu tilbúin með sitt framlag/áætlun þegar skipið kemur til heimahafnar.

Með virðingu og vinsemi,


Sveitarstjóri
Vopnafjarðarhöfn

Valdimar O. Hermannsson

Sveitarstjóri og hafnarstjóri